



**Vinnuhópur um skipulag íþróttasvæðis Grindavíkur  
og framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja**

**Málsnr.: 1002021**

**Lokaskýrsla 16. janúar 2012**

Bæjarráð Grindavíkur.

Grindavík 16.01.2012

**Efni: Lokaskýrsla v/ framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja.**

Kæra bæjarráð!

Hér getur á að lýta lokaskýrslu vinnuhóps um skipulag íþróttasvæðis Grindavíkur og framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja. Vinnuhópurinn hefur haldið sjö fundi og jafnframt var haldin einn kynningarfundur fyrir fulltrúa íþróttahreyfingarinnar og nefndarmenn í frístunda- og menningarnefnd og skipulags- og umhverfisnefnd. Eftir þann fund gafst þessum aðilum tækifæri á að skila inn athugasemdum við framkomnar hugmyndir (sjá fylgiskjal nr. 2). Frá því að áfangaskýrslu var skilað inn um miðjan nóvember hafa orðið nokkrar breytingar á þeim teikningum sem þá var skilað inn. Helstu breytingar eru:

- Gerð er nú tillaga um að stækka íþróttahúsið til suðurs í stað norðurs.
- Núverandi anddyri íþróttahússins verður breytt í búningsklefa
- Gerður hefur verið tengingangur frá núverandi búningsklefum knattspyrnudeildar og að nýrri félagsmiðstöð.

Í allri vinnu hefur verið horft til þeirra forsendukrafna sem bæjarstjórn setti vinnuhópunum í upphafi en þær eru:

1. Að sameina inngang og afgreiðslu íþróttahúss og sundlaugar með það markmiði að nýta starfsfólk sem best og að inngangurinn sé skemmtilegur og aðlaðandi fyrir gesti og gangandi.
2. Að íþróttahúsið geti nýst sem veislusalur fyrir 350-400 gesti á snyrtilegan og einfaldan hátt
3. Að körfuknattleiksvöllur verði löglegur.
4. Að bæta æfingaaðstöðu fyrir júdódeild og taekwondo
5. Að bæta æfingaaðstöðu og áhaldageymslu fyrir fimleikadeild.
6. Að almenningsíþróttir fái að njóta sín.
7. Að húsnæðið rúmi sameiginlega aðstöðu fyrir deildir UMFG til funda og skrifstofuhalds.
8. Að bygginging sé í samræmi við aðrar byggingar á reitnum, látlaus og að fermetrar nýtist sem best.

Með þessari lokaskýrslu getur á að lýta teikningar af frumdrögum, rýmisáætlun og frumkostnaðar-drög sem unnið er af Batteríinu. Einnig er hér lögð fram tillaga að framtíðarskipulagi íþróttasvæðisins en það á reyndar eftir að vinna betur og ítarlegra áður en það verður lagt fyrir skipulags- og umhverfisnefnd. Aftast í skýrslunni er jafnframt að finna fundargerðir vinnuhópsins. Sjá fylgiskjal nr. 1.

Verður nú farið í hverja forsendukröfu fyrir sig og vísað í rýmisáætlun til stuðnings.

**1. Að sameina inngang og afgreiðslu íþróttahúss og sundlaugar með það markmiði að nýta starfsfólk sem best og að inngangurinn sé skemmtilegur og aðlaðandi fyrir gesti og gangandi.**

Vinnuhópurinn hefur lagt mikið upp úr þessari fyrstu forsendu og telur hana vega einna þyngst í því að vel takist til við framtíðaruppbyggingu á svæðinu enda mun þetta hafa veruleg áhrif á rekstur íþróttamiðstöðvarinnar til lengri tíma lítið. Er þá fyrst og fremst horft til þess að starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar nýtist sem best og hafi sem besta yfirsýn yfir allt það starf sem fram mun fara á svæðinu.

Í rýmisáætlun er í lið nr. 7 gert ráð fyrir 552 m<sup>2</sup> í samnotarými (var 579 m<sup>2</sup>) og af því er nýr forsalur/anddyri um 120 m<sup>2</sup>. Í lið nr. 6 er gert ráð fyrir 84 m<sup>2</sup> í afgreiðslu, skrifstofu forstöðumanns, og aðstöðu fyrir starfsmenn.

Vinnuhópurinn telur það víst að aðsókn, að nýrri íþróttamiðstöð, með öllum þeim möguleikum sem hún mun hafa upp á að bjóða, muni margfaldast miðað við það sem er í dag og því er lagt upp með rúmgóðu anddyri (120 m<sup>2</sup>) og afgreiðslu sem getur tekið við öllum þeim gestum sem sækja íþróttamiðstöðina hvort sem um er að ræða sundlaugargesti, skólahópa í leikfimi eða sund, iðkendur UMFG, almenning eða áhorfendur að kappleikjum. Vinnuhópurinn hefur jafnframt lagt á það áherslu við þessa hönnun að gestir sem og notendur fái það á tilfinninguna að í Grindavík sé ein íþróttamiðstöð með **eitt UMFG-HJARTA** og þessi hönnun muni þjappa samfélaginu saman og sérstaklega íþróttasamfélaginu þar sem allir fái notið sín.

**2. Að íþróttahúsið geti nýst sem veislusalur fyrir 350-400 gesti á snyrtilegan og einfaldan hátt.**

Með því að stækka íþróttahúsið um 1/3 eða 450 fm<sup>2</sup> og nýta hluta af núverandi búningaklefum íþróttahúss undir m.a. geymslurými er leikur einn að breyta íþróttahúsinu í veislusal fyrir þennan fjölda. (liður 1 og 9.2 í rýmisáætlun).

**3. Að körfuknattleiksvöllur verði löglegur.**

Núverandi körfuknattleiksvöllur er ekki löglegur fyrir alþjóðaleiki og nálægð endalína við útveggi er mikil þannig að töluverð slysaætta er fyrir hendi þegar leikir fara fram á vellinum eins og hann er í dag. Eina leiðin til að laga þetta er að stækka íþróttahúsið og fara í fulla stærð á því og stækka um 450 fm<sup>2</sup> (liður nr. 1 í rýmisáætlun). Samhliða þessari stækkun þarf að færa völlinn. Ekki þarf að taka upp allt gólfið líkt og getið var um í áfangaskýrslunni en laga þarf allar merkingar, færa körfur o.fl.

#### 4. **Að bæta æfingaaðstöðu fyrir júdódeild og taekwondo.**

Í þessari hönnun er gert ráð fyrir að byggðir verði nýjir búningsklefar miðsvæðis (liður nr. 2 í rýmisáætlun). Klefar sem nýtast íþróttahúsi, sundlaug og íþróttavöllum. Við það skapast rými þar sem núverandi búningsklefar íþróttahúss eru (liður nr. 9.2. í rýmisáætlun). Hugmynd vinnuhópsins er að nýta það rými m.a. undir varanlega aðstöðu fyrir júdó og taekwondó. Með varanlegri aðstöðu er átt við að dýnur geti verið á gólfi 365 daga ársins. Flestar athugasemdir sem nefndinni bárust eftir kynningarfundinn snéri að stærð þessara gólfflata fyrir júdó og taekwondó. Tekið hefur verið tillit til þeirra og er gert ráð fyrir tveimur æfingavöllum 10x10. Hér er fyrst og fremst verið að bæta æfingaaðstöðu en allt keppnishald færi fram í íþróttahúsinu.

#### 5. **Að bæta æfingaaðstöðu og áhaldageymslu fyrir fimleikadeild.**

Stækkun íþróttahússins gerir það að verkum að aðstaða fyrir fimleika mun einnig batna. Stækkun hússins gerir það að verkum að hluti af fimleikaáhöldum ættu að gera verið uppistandandi en einnig ætti stækkunin að auðvelda til muna að komið verði til móts við fimleikadeildina um auka tíma í íþróttahúsinu en verulega er á deildina hallað miðað við iðkendafjölda deildarinnar í dag. Áhaldageymsla upp á rúma 80 m<sup>2</sup> er fyrirhuguð þar sem núverandi klefar íþróttahússins eru (liður nr. 1 og 9.2 í rýmisáætlun). Gert verður ráð fyrir til lengri tíma litið að hægt verði að vera með áhaldafimleika í íþróttahúsinu en nefndin telur ekki tímabært að ráðast í gerð fimleikagryfju strax. Möguleikar til þess eru þó til staðar til lengri tíma litið.

#### 6. **Að almenningsíþróttir fái að njóta sín.**

Sá iðkendahópur sem er einna stærstur í íþróttum í dag er almenningur í Grindavík. Þessi iðkendahópur verður að mati vinnuhópsins fjölmennasti notendahópur að nýrri íþróttamiðstöð. Með þessari hönnun er gert ráð fyrir að núverandi sundlaugarhúsnæði verði breytt í líkamsræktarstöð (liður nr. 8 í rýmisáætlun). Vinnuhópurinn hefur velt því upp hversu mikla vinnu eigi að leggja í breytingar á húsnæðinu og hvort slíkt þurfi ekki að gerast í samvinnu við hugsanlegan rekstraraðila að líkamsrækt í Grindavík. Ljóst er þó að með þessari hugmynd skapast miklir möguleikar fyrir einstaklinga til að fá leigða aðstöðu undir hvers konar heilsurækt. Nýting á núverandi sundlaugarhúsnæði undir slíka starfsemi býður upp á mikla möguleika. Hægt er að nýta æfingaaðstöðu júdó og taekwondó (9.2.) t.d. fyrir hópatíma, jóga, ketilbjöllur o.fl. Enn fremur skapast möguleikar á að nýta nýjan sal (liður 4.1. í rýmisáætlun) í félagsaðstöðu undir einhverja íþróttastarfsemi, t.d. dans eða ballet. Inni á fyrri teikningum var teiknuð innisundlaug 16x10m sem nýtast mun almenningi t.d. fyrir sundleikfimi og ungbarnasund svo ekki sé talað um bættu aðstöðu til sundkennslu yngstu barna. Þar sem þessi sundlaug er ekki inni í neinum tölum í þessari skýrslu og ekki gert ráð fyrir henni í þessari uppbyggingu hefur hún verið tekin út en í skipulagstillögum er afmarkað ansi vítt svæði til sundlaugarbyggingar.

7. **Að húsnæðið rúmi sameiginlega aðstöðu fyrir deildir UMFG til funda og skrifstofuhalds.**

Eitt af því sem stendur starfi íþróttahreyfingarinnar í Grindavík fyrir þrifum er aðstöðuleysi fyrir hið almenna félagsstarf og skrifstofuhúsnæði. Með þessari hönnun er gert ráð fyrir nýrri sameiginlegri félagsaðstöðu fyrir allar deildir UMFG (liðir nr. 4 og 5 í rýmisáætlun).

Staðsetning á henni er þannig fyrir komið að félagsmenn og iðkendur allra deilda munu eiga greiðan aðgang að henni. Gert er ráð fyrir sal upp á 270 m<sup>2</sup> sem hægt er að skipta í þrennt og jafnframt 30 m<sup>2</sup> móttökueldhúsi. Með þessum sal skapast miklir möguleikar t.d. í tengslum við kappleiki bæði í knattspyrnu og körfuknattleik eða hverju öðru mótahaldi sem fram fer í íþróttamiðstöðinni eða á íþróttasvæðinu. Þessi stærð af sal býður líka upp á möguleika fyrir smærri samkomur t.d. herra-eða konukvöld.

Gert er ráð fyrir 111 m<sup>2</sup> í skrifstofur og fundarherbergi. Þrjár skrifstofur hugsaðar fyrir knattspyrnudeild, aðalstjórn og Kvenfélag Grindavíkur og ein sameiginleg skrifstofa fyrir aðrar deildir ásamt fundarherbergi. Með tilkomu þessa rýmis má segja að möguleikar allra deilda til að efla félagsstarf sitt aukist til muna. Má þar nefna:

- a. **Bætt aðstaða fyrir getraunastarf knattspyrnudeildar**
- b. **Bætt aðstaða til að vera með beinar útsendingar frá leikjum**
- c. **Bætt aðstaða fyrir t.d.**
  - i. **Herrakvöld knattspyrnudeildar**
  - ii. **Konukvöld körfuknattleiksdeildar**
  - iii. **Aðrar samkomur fyrir allt að 150 – 170 manns.**
- d. **Bætt aðstaða til fundarhalda t.d.**
  - i. **Foreldrafundir á vegum deilda**
  - ii. **Aðalfundir deilda**
- e. **Bætt aðstaða fyrir leikmenn til að koma saman fyrir og eftir leiki**
- f. **Bætt aðstaða til að taka á móti áhorfendum fyrir og eftir leiki**
- g. **Hægt er að vera með stjórnarfundir á sama tíma og einhver önnur starfsemi fer fram í salnum.**

Möguleikarnir eru í raun óþrjótandi og því reynir á sköpunagleði og hugmyndaauðgi íþróttahreyfingarinnar til nýtingar á salnum. Jafnframt gerir þetta kröfur til þess að deildir vinni saman og sameiginlegt markmið allra sé að efla íþróttasamfélagið í Grindavík óháð því hvaða íþróttagrein hver og einn stundar.

8. **Að byggingin sé í samræmi við aðrar byggingar á reitnum, látlaus og að fermetrar nýtist sem best.**

Nú liggja fyrir útlitsteikningar og telur vinnuhópurinn að vel hafi tekist til og telur framkomnar hugmyndir bæði látlausar og falli vel að öðrum byggingum á svæðinu.

## Kostnaður:

Gerð var krafa um áætlaðan fjárfestingarkostnað samhliða þessari áfangaskýrslu. Upplýsingar um áætlaðan kostnað er að finna á bls. 12 í frumdrögum frá Batterínu.

Heildarkostnaður er **áætlaður 714.516.000 kr.** fyrir samtals **2.004 m<sup>2</sup>**.


Nú þegar hefur verið leitað til PricewaterhouseCoopers (PWC) og óskað eftir úttekt þeirra til að meta áhrif fjárfestinga á fjárhagsafkomu sveitarstjóðs með tilvísan í 65. gr. laga nr. 45/1998. PWC hefur skilað sínu mati og þar er megin niðurstaðan þessi:

**„Heildaráhrif þessarar fjárfestingar á sjóðsstreymi sveitarfélagsins verða á bilinu 27,5 – 31 mkr. á ári fyrstu 10 árin en að liðnum 10 árum ættu þau að verða um 37,6 mkr. Þessu til viðbótar aukast afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna sem nemur 2,5% af fjárfestingunni en það samsvarar tæplega 17 mkr. á ári. Þetta leiðir til þess að áhrif fjárfestingar á rekstrareikning sveitarfélagsins gæti numið um 44 – 48 mkr. á ári fyrstu 10 árin.“**

Í bréfi PWC kemur fram að það sé mat forsvarsmanna Grindavíkurbæjar að aukning í starfsmannahaldi verði engin þar sem um fullmannað íþróttahús og sundlaug er að ræða. Þessu er vinnuhópurinn ekki sammála. Ljóst er að umsvif munu öll aukast og bæta þarf við mannskap. Í dag eru starfsmenn 11 í 8.86 stöðugildum. M.t.t. breyttra öryggisreglna um eftirlit með sundlaugum, auknum opnunartíma, og eins til að komast yfir að þrifa þá rúmu 1.700 m<sup>2</sup> sem bætast við þá er ljóst að gera þarf breytingar á vaktafyrirkomulagi og allt kallar þetta á aukna starfsmannþörf. Fyrstu útreikningar gera ráð fyrir að stöðugildi þurfi að fara í 10.61 á ársgrundvelli og þá er allt undir, þ.e. fastir starfsmenn við sundlaug, íþróttahús, íþróttavelli, Hópið, búningssklefa knattspyrnudeildar, og félagsaðstöðu. Áætlaður launakostnaður með launatengdum gjöldum er rúmar 51 mkr. á ársgrundvelli. Með sumarafleysingum og öðrum forföllum má reikna með að kostnaður geti farið í 55 – 56 mkr. Áætlun ársins 2012 gerir ráð fyrir rúmunum 48 mkr. með launatengdum gjöldum. Vinnutímaforsendur má sjá í fylgiskjal nr. 3. Gengið er út frá því að opnunartími íþróttamiðstöðvarinnar sé frá kl. 06:00 – 22:00 á virkum dögum og frá 09:00 – 19:00 um helgar.

## Aðalskipulag/Deiliskipulag:

Á bls. 4 í frumdrögum er að finna grunn að endurskipulagningu svæðisins og tillögur að breytingum á deiliskipulagi. Lagðar eru til breytingar á heildarskipulagi svæðisins til lengri tíma litið þar sem tekið er mið af rúmunum möguleikum á stækkun mannvirkja við knattspyrnuvöllinn. Gert er ráð fyrir möguleika á yfirbyggðri sundlaug á núverandi sundlaugar-svæði. Óskilgreind íþróttabygging verð ráðgerð norðan við íþróttahúsið sem er vænlegur möguleiki vegna tengingar við búningssklefa hvort sem þar væri um að ræða sundlaug eða hefðbundið íþróttahús. Ef til lengri tíma litið menn vilja koma upp fimleikagryfju væri það hægt á reit suður af núverandi anddyri íþróttahússins og við hlið stækkunarinnar á íþróttahúsinu. Jafnframt telur hópurinn rétt að svæðið austan fjölnota íþróttahússins, æfingavellir og Rollutún verði afmarkað sem íþróttasvæði sem og allt svæðið á milli stúkunnar og fjölnota íþróttahússins.



## Lokaorð:

Vinnuhópurinn telur að þær hugmyndir sem hér eru settar fram séu glæsilegar en jafnframt raunhæfar áætlanir um frekari uppbyggingu á íþróttasvæði Grindvíkinga. Unnið hefur verið á grunni skýrslu nefndar um Framtíðaruppbyggingu á íþróttasvæði Grindavíkur sem skilað var inn til bæjaryfirvalda í ágúst 2008. Hugmyndirnar uppfylla að mati vinnuhópsins allar þær forsendukröfur sem settar voru fram af bæjarstjórn í upphafi þessa verkefnis og jafnframt telur nefndin að hér sé verið að koma til móts við flestar kröfur íþróttahreyfingarinnar.

Mikið hefur verið rætt um uppbyggingu við Hópið, að þar komi varanleg salernis- og búningaaðstaða. Vinnuhópurinn telur nauðsynlegt að varanlegri salernisaðstöðu fyrir Hópið sem jafnframt mun nýtast áhorfendum á knattspyrnuleikjum verði komið upp strax en það var ekki hlutverk þessa hóps að vinna frekar með útfærslu á því. Enga að síður leggur vinnuhópurinn til að á framtíðarskipulagi verði möguleikar til frekari uppbyggingar í kringum knattspyrnuvöllinn til lengri tíma litið.

Vinnuhópurinn telur að þessi uppbygging muni nýtast öllum íþróttagreinum og þessi fjöldi búningasklefa sem verða í íþróttamiðstöðinni mun þjóna öllum. Möguleikar til stærra mótahalds hvort sem það er í knattspyrnu eða körfuknattleik mun aukast. Möguleikar knattspyrnuíðkenda til nýtingar á klefum hvort sem er fyrir æfingar eða leiki mun aukast til muna. Nýtingarmöguleikar fyrir eldri iðkendur íþróttahreyfingarinnar munu stórlagast. Er þá horft til þess að þeir geti stundað æfingar í sinni íþróttagrein, bæði tæknilega séð, í sínum sal, og eins almennt með því að getað æft styrk í vel búnum líkamsræktarsal. Svo er það augljóslega kostur að geta farið í sund, heita og kalda potta og jafnvel sest niður og fengið sér næringu á eftir.

Vinnuhópurinn telur það ákaflega mikilvægt að við uppbygginguna verði horft til samnýtingar á mannvirkjum og sömuleiðis að ungmennahreyfingin verði sameinuð á einum stað með sína aðstöðu og telur vinnuhópurinn það nást með þessum tillögum.

Vinnuhópurinn leggur til að verkinu verði skipt í fjóra áfanga. Í fyrsta áfanga verði ráðist í að stækka íþróttahúsið. Í öðrum áfanga verði farið í byggingu á „íþróttamiðstöðinni“ (nýtt anddyri, búningasklefar, skrifstofur, félagsaðstaða og tengibyggingar). Í þriðja áfanga verði farið í breytingar á núverandi anddyri og búningasklefum íþróttahússins og í fjórða áfanga verði klárað að gera breytingar á núverandi sundlaugarhúsnæði og því breytt í líkamsrækt.

Í lokin vill nefndin koma á framfæri þökkum til þeirra Sigurðar Einarsson og Sigurbjarts Loftssonar á Batterinu fyrir samvinnuna við gerð skipulags- og frumdraga fyrir íþróttasvæðið.

Páll J. Pálsson  
Marta Sigurðardóttir  
Ægir Viktorsson  
Gunnþór Sigurgeirsson  
Ingvar Guðjónsson

**Fylgiskjal nr. 1**

**Fundargerðir vinnuhópsins.**

Ár 2011, þriðjudaginn 4. október var haldinn 1. fundur vinnuhóps um skipulag íþróttasvæðis Grindavíkurbæjar og uppbyggingu mannvirkja. Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Grindavíkur og hófst kl. 18:00.

Mættir voru: Páll J. Pálsson, Marta Sigurðardóttir, Ægir Viktorsson, Helena Bj. Bjarnadóttir varamaður. Jafnframt sátu fundinn Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs sem ritaði fundargerð og Ingvar Gunnlaugsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Dagskrá:

- 1) **Verkaskipting.** Nefndin samþykkir að Páll J. verði formaður vinnuhópsins og mun leiða vinnu hópsins með beina tengingu við bæjarráð.
- 2) **Forsendur.** Farið yfir forsendur sem nefndinni eru settar af bæjarstjórn. Gögn fyrir nefndarmenn verða send út í tölvupósti þeim til frekari glöggvunar. Hver og einn mun rýna vel í forsendur sem og þær rýmisáætlanir sem til eru frá fyrri teikningum til að átta sig á umfangi verksins.
- 3) **Vinnufyrirkomulag.** Næsti fundur verður þriðjudaginn 11. október kl. 20:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45.

Kristinn J. Reimarsson  
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs.

Ár 2011, þriðjudaginn 11. október var haldinn 2. fundur vinnuhóps um skipulag íþróttasvæðis Grindavíkurbæjar og uppbyggingu mannvirkja. Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Grindavíkur og hófst kl. 20:00.

Mættir voru: Páll J. Pálsson, Marta Sigurðardóttir, Ægir Viktorsson, Helena Bj. Bjarnadóttir varamaður og Ingvar Guðjónsson fulltrúi UMFG. Jafnframt sátu fundinn Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs sem ritaði fundargerð og Ingvar Gunnlaugsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Dagskrá:

- 1) **Forsendur:** Farið var yfir forsendur bæjarstjórnar fyrir uppbyggingu. Fundarmenn sammála um að stækkun á íþróttahúsi um 450 fm muni leysa helming af þeim forsendum sem settar eru fram. Miklar umræður urðu um staðsetningu á svokölluðu „hjarta“ nýrrar íþróttamiðstöðvar sem og staðsetningu á sameiginlegri aðstöðu fyrir deildir UMFG. Fundarmenn sammála um að kalla inn á næsta fund Sigurbjart Loftsson frá arkitektastofunni Batteríð og fá hann til að ráðgjafar og teikna upp svæðið út frá fyrirbyggjandi gögnum og þeim hugmyndum sem ræddar voru á fundinum.
- 2) Næsti fundur verður þriðjudaginn 18. október kl. 20:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30.

Kristinn J. Reimarsson  
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs.

Ár 2011, þriðjudaginn 18. október var haldinn 3. fundur vinnuhóps um skipulag íþróttasvæðis Grindavíkurbæjar og uppbyggingu mannvirkja. Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Grindavíkur og hófst kl. 20:00.

Mættir voru: Páll J. Pálsson, Marta Sigurðardóttir, Ægir Viktorsson, Gunnþór Sigurgeirsson og Ingvar Guðjónsson fulltrúi UMFG. Jafnframt sátu fundinn Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs sem ritaði fundargerð og Ingvar Gunnlaugsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Gestir fundarins: Sigurbjartur Loftsson og Sigurður Einarsson frá arkitektastofunni Batteríið.

Dagskrá:

- 1) Sigurður kynnti hugmyndir að frekari uppbyggingu á íþróttasvæðinu út frá þeim forsendum sem settar eru fram af bæjarstjórn og út frá þeim umræðum sem áttu sér stað á síðasta fundi vinnuhópsins. Þær hugmyndir sem vinnuhópurinn hafði rætt um á síðasta fundi ganga illa upp að mati Sigurðar og leggur hann til að aðalinnangangur að nýrri íþróttamiðstöð verði frá Austurvegi. Íþróttahúsið verði stækkað um 1/3 til norðurs og reist verði nýtt anddyri og klefar út frá íþróttahúsinu og meðfram sundlaugarkarinu gengt núverandi sundlaugarhúsi. Gamla sundlaugarhúsið (380 fm<sup>2</sup>) verði svo nýtt sem aðstaða undir líkamsrækt. Í þessum hugmyndum er gert ráð fyrir;  
Stækkun á íþróttahúsi: 450 fm<sup>2</sup>  
Afgreiðslu: 70 fm<sup>2</sup>  
Búningsherbergi: 352 fm<sup>2</sup>  
Aðstaða deilda; salur, skrifstofur, móttökueldhús: 469 fm<sup>2</sup>.  
Stoðrymi: 153 fm<sup>2</sup>. Hugsanlega hægt að samnýta með öðru rými.  
Annað: 39,4 fm<sup>2</sup>  
**Samtals: 1.533,4 fm<sup>2</sup>.**  
Veggir gangar og tæknirými, 25%: 383,35 fm<sup>2</sup>.  
**Heild: 1.916,75 fm<sup>2</sup>.**

Eftir miklar umræður komust fundarmenn að þeirri megin niðurstöðu að þær hugmyndir sem Sigurður kynnti væru skynsamlegar og að flestu leyti hagkvæmastar. Skoða þarf fyrir næsta fund með betri útfærslu á tengibyggingu á milli íþróttahúss og sundlaugar og hvort hægt sé að hafa tvöfaldan inngang þannig að aðkoman verði bæði frá suðri og norðri. Þessar hugmyndir uppfylla allar þær forsendukröfur sem settar eru fram af bæjarstjórn og að mati vinnuhópsins eru miklar líkur á því að almenn sátt verði innan íþróttahreyfingarinnar með þessar hugmyndir.

Fram að næsta fundi mun Sigurbjartur og Sigurður vinna nánari útfærslu á þessum hugmyndum ásamt áætluðum fjárfestingarkostnaði. Jafnframt var Ingvari Gunnlaugssyni sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs falið að kanna hvort ekki sé örugglega framkvæmanlegt að byggja við íþróttahúsið til norðurs. Í lok fundar var gengið frá ráðgjafarsamningi um arkitektaráðgjöf á milli Grindavíkurbæjar og Batteríið arkitektur.

2) Næsti fundur verður miðvikudaginn 9. nóvember kl. 20:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:10

Kristinn J. Reimarsson  
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs.

Ár 2011, miðvikudaginn 09. nóvember var haldinn 4. fundur vinnuhóps um skipulag íþróttasvæðis Grindavíkurbæjar og uppbyggingu mannvirkja. Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Grindavíkur og hófst kl. 20:00.

Mættir voru: Páll J. Pálsson, Marta Sigurðardóttir, Ægir Viktorsson, Gunnþór Sigurgeirsson og Ingvar Guðjónsson fulltrúi UMFG. Jafnframt sátu fundinn Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs sem ritaði fundargerð og Ingvar Gunnlaugsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Gestir fundarins: Sigurbjartur Loftsson og Sigurður Einarsson frá arkitektastofunni Batteríið.

Dagskrá:

1) Sigurður fór yfir rýmisáætlun og teikningar af fyrirhugaðri uppbyggingu á íþróttasvæðinu. Hugmyndir um stækkun gera ráð fyrir 1.983 fm sem skiptist þannig:

- Stækkun íþróttahúss:	450 fm.
- Búningsklefar:	382 fm.
- Snyrtingar og stoðrými:	100 fm.
- Salur (félagsaðstaða):	300 fm.
- Skrifstofur:	120 fm.
- Afgreiðsla:	85 fm.
- Samnotarými:	546 fm.
Samtals:	1.983 fm.

Áætlaður kostnaður við hvern fermetra er 250.000 kr. sem gerir tæpar 500.000.000 kr. Hér vantar þó inn í áætlunina breytingar á sundlaugarhúsnæði í líkamsræktaraðstöðu sem og tengibyggingu(gang) á milli sundlaugar og íþróttahúss. Þar fyrir utan á eftir að gera ráð fyrir öllum þeim kostnaði sem til fellur við breytingu á íþróttahúsinu sem og innkaup á tækjum og tólum fyrir ný rými. Þær athugasemdir sem komu fram við þessar hugmyndir voru helstar:

- Bæta þarf við tveimur búningsklefum til að ná að sinna þörfum allra deilda.
- Gera þarf ráð fyrir varanlegri aðstöðu fyrir gólfíþróttir (júdó og taekwondó)þar sem núverandi inngangur og forrými er í íþróttahúsinu.
- Geymslupláss vantar sárlega við félagsaðstöðu.

Sigurður og Sigurbjartur mun lagfæra teikningar út frá þeim athugasemdum sem komu fram á fundinum. Áfangaskýrslu verður svo skilað inn til bæjarráðs n.k. þriðjudag og næsti fundur ákveðinn í framhaldi af viðbrögðum bæjaryfirvalda við skýrslunni.

Rætt var um að halda einn opinn fund þar sem þessar hugmyndir yrðu kynntar fyrir bæjarstjórn, íþróttahreyfingunni og starfsmönnum íþróttamannvirkja. Ákvörðun tekin síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:00

Kristinn J. Reimarsson  
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs.

Ár 2011, þriðjudaginn 06. desember var haldinn 5. fundur vinnuhóps um skipulag íþróttasvæðis Grindavíkurbæjar og uppbyggingu mannvirkja. Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Grindavíkur og hófst kl. 20:00.

Mættir voru: Páll J. Pálsson, Marta Sigurðardóttir, Ægir Viktorsson, Gunnþór Sigurgeirsson og Ingvar Guðjónsson fulltrúi UMFG. Jafnframt sátu fundinn Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs sem ritaði fundargerð og Ingvar Gunnlaugsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Gestir fundarins: Sigurbjartur Loftsson og Sigurður Einarsson frá arkitektastofunni Batteríið.

Dagskrá:

1) Sigurður fór yfir nýja rýmisáætlun og teikningar af fyrirhugaðri uppbyggingu á íþróttasvæðinu.

Helstu breytingar sem hafa orðið eru þessar:

- Íþróttahúsið stækkað til suðurs.
- Gerður hefur verið tengigangur frá nýrri félagsaðstaðu og yfir í búningsklefa sem tilheyrir knattspyrnuvellinginum í dag.
- Núverandi anddyri íþróttahúss hefur verið breytt í búningsklefa.
- Geymslurými hefur verið stækkað.
- Bætt hefur verið við gangi frá anddyri og að félagssal til að koma í veg fyrir skörun á milli áhorfenda og keppenda.
- Rými er að stækka um 21 fm frá fyrri teikningu.

Hugmyndir um stækkun gera því ráð fyrir 2.004 fm sem skiptist þannig:

Rými:	Fyrri tillaga	Seinni tillaga
Stækkun íþróttahúss	450 fm	450 fm
Búningsklefar	382 fm	392 fm
Snyrtingar og stoðrými	100 fm	100 fm
Salur - félagsaðstaða	300 fm	315 fm
Skrifstofur	120 fm	111 fm
Afgreiðsla	85 fm	84 fm
Samnotarými	546 fm	552 fm
<b>Samtals:</b>	<b>1.983 fm</b>	<b>2.004 fm</b>
<b>Annað rými:</b>		
<b>Líkamsrækt (sundlaugarhús)</b>	<b>555 fm</b>	<b>555 fm</b>
Núverandi aðstaða:	490 fm	490 fm
Tengigangur:	65 fm	65 fm
<b>Íþróttahús:</b>	<b>1.495 fm</b>	<b>1.495 fm</b>
Íþróttasalur:	940 fm	940 fm
Júdósalur og geymslu:	350 fm	350 fm
Búningsklefar:	205 fm	205 fm
<b>Búningsklefar íþróttavallar</b>		<b>238 fm</b>
Búningsherbergi og skrifstofa:		183 fm
Tengigangur:		55 fm

Ákveðið að boða til fundar með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar , skipulags- og umhverfisnefnd og frístunda- og menningarnefnd mánudaginn 12. desember kl. 20:00 í Hópsskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:00

Kristinn J. Reimarsson  
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs.

Ár 2011, þriðjudaginn 20. desember var haldinn 6. fundur vinnuhóps um skipulag íþróttasvæðis Grindavíkurbæjar og uppbyggingu mannvirkja. Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Grindavíkur og hófst kl. 20:00.

Mættir voru: Páll J. Pálsson, Marta Sigurðardóttir, Ægir Viktorsson, Gunnþór Sigurgeirsson og Ingvar Guðjónsson fulltrúi UMFG. Jafnframt sátu fundinn Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs sem ritaði fundargerð. Ingvar Gunnlaugsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs boðaði forföll.

Gestir fundarins: Sigurbjartur Loftsson og Sigurður Einarsson frá arkitektastofunni Batteríið.

Dagskrá:

1) Sigurður kynnti hugmyndir af framtíðardeiliskipulagi fyrir íþróttasvæðið. Rauðir reitir á mynd. Með þessu er búið að taka frá ákveðið svæði og því svigrúm allsstaðar til áframhaldandi stækkunar í framtíðinni.

2) Farið var yfir athugasemdir sem bárust frá umsagnaraðilum.

- Nefndarmenn sammála um að taka verði meira tillit til þeirra athugasemda sem bárust v/ gólfplatlar fyrir júdó og taekwondó.
- Hugmyndir af framtíðardeiliskipulagi koma til móts við athugasemdir frá Knattspyrnudeild UMFG og Frístunda- og menningarnefnd um heildarskipulag svæðisins.
- Nefndin telur að ekki sé ráðlagt að fara út í gerð á fimleikagryfju að svo stöddu en möguleikar til slíks verði alveg inni í myndinni til lengri tíma litið.
- Sigurbjartur og Sigurður munu skoða með aðkomu að knattspyrnuvellingum og aðgengi áhorfenda að félagsheimli. Telja menn að þetta sé hægt að leysa með einföldum hætti. Þeir munu einnig taka til skoðunar aðrar athugasemdir sem bárust og lýtur að merkingum, staðsetningum á tjöldum, völlum ofl.

3) Sigurbjartur kynnti mögulegar útfærslur á bættri aðstöðu fyrir júdó, taekwondó og fimleika í íþróttahúsinu með tilkomu stækkunar. Nefndarmönnum leyst vel á það en töldu að með þessu móti væri verið að skerða frekari möguleika á nýtingu salarins. Telja menn að betur sé komið fyrir bardagaíþróttunum ef þeir hafa sínar dýnur í því rými sem teiknað hefur verið í núverandi anddyri íþróttahússins enda sé brýnna að leysa æfingaaðstöðu fyrir þessar íþróttir heldur en keppnisaðstöðu. Er lýtur að bættri aðstöðu fyrir fimleika þá telja nefndarmenn að gott sé að gera ráð fyrir því strax að komið verði fyrir festingum og því sem til þarf fyrir til að hægt sé að setja upp tvíslár, jafnvægisglár og hringi og það sé sýnilegt á teikningum. Nefndarmenn telja hins vegar ekki tímabært að slíkum áhöldum sé komið fyrir strax þar sem starf fimleikadeildarinnar í dag snýst fyrst og fremst um trompfimleika.

4) Rætt var töluvert um uppbyggingu við Hópið og hversu mikil hún gæti orðið næsta sumar en bæjarstjórn hefur gert ráð fyrir því að komið verði upp varanlegri salernisaðstöðu sem nýtist bæði Hópinu og stúkunni. Sigurbjarti falið að gera gróft kostnaðarmat á þá byggingu út frá umræðum á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:20

Kristinn J. Reimarsson  
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs.

Ár 2012, mánudaginn 16. janúar var haldinn 7. fundur vinnuhóps um skipulag íþróttasvæðis Grindavíkurbæjar og uppbyggingu mannvirkja. Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Grindavíkur og hófst kl. 17:30.

Mættir voru: Páll J. Pálsson, Marta Sigurðardóttir, Ægir Viktorsson, Gunnþór Sigurgeirsson og Ingvar Guðjónsson fulltrúi UMFG. Jafnframt sátu fundinn Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs sem ritaði fundargerð og Ingvar Gunnlaugsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Gestir fundarins: Sigurbjartur Loftsson og Sigurður Einarsson frá arkitektastofunni Batteríið.

Dagskrá:

1) Sigurður og Sigurbjartur kynntu frumdrög að nýrri Íþróttamiðstöð Grindavíkur ásamt hugmynd af framtíðardeiliskipulagi fyrir íþróttasvæðið. Nefndarmönnum líst mjög vel á framkomnar hugmyndir. Er varðar deiliskipulag telur hópurinn samt rétt að svæðið austan fjölnota íþróttahússins, æfingavellir og Rollutún verði afmarkað sem íþróttasvæði sem og allt svæðið á milli stúkunnar og fjölnota íþróttahússins.

Í stuttu máli eru helstu tölur þessar:

- Stækkun íþróttahúss: 450 m<sup>2</sup> Heildarkostnaður: 123.750.000 kr.
- Íþróttamiðstöð Grindavíkur: 1.757m<sup>2</sup> Heildarkostnaður: 476.686.000 kr.
- Innanhússbreytingar íþróttahús: 526 m<sup>2</sup> Heildarkostnaður: 65.670.000 kr.
- Innanhússbreytingar sundlaugarhúss: 489 m<sup>2</sup> Heildarkostnaður: 48.411.000 kr.

**Samtals: 2.004 m<sup>2</sup> Kostnaður: 714.516.000 kr.**

Að öðru leyti vísast í gögn frá Batterínu.

2) Kristinn gerði grein fyrir þeirri úttekt sem PricewaterhouseCoopers hafði gert til að meta áhrif fjárfestinga á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs. Þar er megin niðurstaðan þessi:

„Heildaráhrif þessarar fjárfestingar á sjóðsstreymi sveitarfélagsins verða á bilinu 27,5 – 31 mkr. á ári fyrstu 10 árin en að liðnum 10 árum ættu þau að verða um 37,6 mkr. Þessu til viðbótar aukaast afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna sem nemur 2,5% af fjárfestingunni en það samsvarar tæplega 17 mkr. á ári. Þetta leiðir til þess að áhrif fjárfestingar á rekstrareikning sveitarfélagsins gæti numið um 44 – 48 mkr. á ári fyrstu 10 árin.

Jafnframt velti Kristinn upp hugmyndum hvaða áhrif þessi stækkun gæti haft á starfsmannþörf. Ljóst er að umsvif munu öll aukast og bæta þarf við mannskap. Í dag eru starfsmenn 11 í 8.86 stöðugildum. M.t.t. breyttra öryggisreglna um eftirlit með sundlaugum og eins til að komast yfir að þrifa þá rúmu 1.700 m<sup>2</sup> sem bætast við þá er ljóst að gera þarf breytingar á vaktafyrirkomulagi og eins þarf að útvíkka opnunartíma og allt kallar þetta á aukna starfsmannþörf. Fyrstu útreikningar gera ráð fyrir að stöðugildi þurfi að fara í 10.61 á ársgrundvelli og þá er allt undir, þ.e. fastir starfsmenn við sundlaug, íþróttahús, íþróttavelli, Hópið, búningsklefa knattspyrnudeildar, og félagsaðstöðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45

Kristinn J. Reimarsson  
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs.

## **Fylgiskjal nr. 2**

**Athugasemdir við tillögur sem komu  
fram á kynningarfundi í  
Hópsskóla 12. desember 2011.**

## Umsagnir frá aðalstjórn UMFG og deildum.

### Taekwondódeild UMFG:

Því ber að sjálfsögðu að fagna að ætlunin sé að styrkja enn betur stoðir í kringum íþróttaiðkun bæjarbúa. Vonandi bera aðilar gæfu til að horfa lengra fram í tímann en eingöngu á núverandi kjörtímabil og huga vel að stækkunarmöguleikum í framtíðinni og að ekki verði þrengt um of að þeim mannvirkjum sem þegar eru til staðar. Ég minnst þess ekki að tímarammi framkvæmda hafi verið kynntur sérstaklega, það hlýtur að skipta máli sérstaklega þegar litið er til þess að bæjarbúar standa nú því miður að því er virðist frammi fyrir því að engin líkamsræktarstöð verði rekin í Grindavík.-  
(Vonandi rætist úr því :)

Eitt af meginverkefnum vinnuhópsins var meðal annars að bæta og skapa varanlega aðstöðu fyrir TKW og Júdo. Eins og fram kom á fundinum eru teikningarnar sem kynntar voru ekki til þess fallnar að vekja of mikla hrifningu hvað það varðar. Auðvitað má setja spurningamerki hvort hér eigi að vera sérstæður keppnisvöllur fyrir þessar íþróttir, en engu að síður þá er aðstaðan eins og hún var kynnt ófullnægjandi, sérstaklega varðandi stærð. Mjög mikil vakning hefur verið í kringum TKW, iðkendum á yngra stigi hefur fjölgað verulega og okkar íþróttafólk hefur skilað frábærum árangri á mótum. Vonandi verður iðkendum tryggð varanleg góð aðstaða, þessar íþróttir hafa verið á hrakhólum með húsnæði of lengi.

f.h. Taekwondódeildar  
Arna Björnsdóttir.

### Körfuknattleiksdeild Grindavíkur

Sturtuklefnir í rými 9.3., en þar eru tveir klefar, spurning með að fjölga þeim í þrjá, með því að byggja út að enda þ.e. jafn langt og geymslu er, rými 9.2. Í stærri fjölliðamótum er væntanlega töluverð þörf fyrir þenna klefa. Einngi gætu judo æfingar verið í gangi Síðan er önnur hugmynd. Þar sem júdosalurinn og geymslan eru, rými 9.2. stækka það í suður jafn mikið og salurinn, rými 1.1 verður stækkað. Þegar stækkunin á salnum er skoðuð, rými 1.1. þá kemur löglegi körfuknattleiksvöllurinn inná þá stækkun. Skoða þá með meiri stækkun í suður svo að hægt væri að nota þriðja körfuknattleiksvöllin undir æfingu eða til útleigu, þrátt fyrir að það væri leikur í húsinu.

f.h. Körfuknattleiksdeildar  
Magnús Andri Hjaltason.

## **Knattspyrnudeild UMFG.**

Stjórn Knattspyrnudeildar UMFG fagnar ákvörðun bæjarstjórnar að hefja uppbyggingu íþóttamannvirkja í Grindavík

og vill gera athugasemdir við skipulag framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í Grindavík.

1. Gera þarf heildarskiplag á svæðinu áður en framkvæmir hefjast sem samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í dag varðandi aðbúnað keppnisfólks og áhorfenda og annarsvegar afþreyingu almennings á svæðinu.
2. Stjórn deildarinnar telur að núverandi tillögur nýtist starfsemi deildarinnar ekki með tilliti til fjarlægðar frá stúku og Hópi.
3. Gulahúsið verði látið standa.

Bætt áhorfendaaðstaða á keppnisdegi skiptir miklu máli í nútímaþjóðfélagi og ekki síður fyrir rekstur stærstu deilda UMFG, knattspyrnu og körfubolta.

1. Aukin þægindi og meiri stuðningur við keppendur
2. Aðskilin WC-aðstaða fyrir bæði kyn.
3. Fjölskyldan geti komið saman fyrir leiki og í hálfleik og keypt veitingar.
4. Stutt sé úr áhorfendasæti inn í WC- og veitingaaðstöðu skiptir miklu máli.

Vinnuhópurinn hefur horft til þeirra félaga sem hafa eina sameiginlega aðstöðu, þ.e. FH – KR – Valur

Hjá þessum félögum er aðeins aðstaða fyrir félagsmenn í hverri deild, ekki aðstaða fyrir almenning t.d. í sundlaug og líkamsrækt sem vinnuhópurinn horfir til hér í Grindavík og vill hafa undir sama þaki. Helstu notendur að nýrri miðstöð í Grindavík yrðu:

1. 7 deildir innan UMFG
2. Kvennfélagið í Grindavík
3. Dans og ballet
4. Grunnskólinn
5. Almennur íbúi í Grindavík
6. Ferðamenn

Stjórn Knattspyrnudeildar UMFG hefur á síðustu 3 aðalfundum deildarinnar sent frá sér eftirfarandi ályktun til bæjarstjórnar og vill ítreka hana hér með enn og aftur:

*Aðalfundurinn skorar á bæjaryfirvöld að ráðast sem fyrst í að reisa búnings- og félagsaðstöðu við Hópið og stúkuna. Minnt er á að 100% endurgreiðsla virðisauka af vinnu við íþrótt- og skólamannvirki.*

*Knattspyrnudeildin er tilbúin til þess að gera samning við Grindavíkurbæ og taka að sér byggingu á búnings- og félagsaðstöðu við Hópið ef það mætti verða til þess að flýta framkvæmdum."*

Knattspyrnudeild UMFG er stærsta deild innan UMFG og er eini lögaðilinn í félagsstarfi sem skilar af sér öllum lögbundum gjöldum.

1. lðkendur eru um 300 sem æfa og keppa allt árið.
2. Fastir starfsmenn deildarinnar eru um 20 fyrir utan leikmenn.
3. Knattspyrnudeildin er eini lögaðilin innan UMFG með 120 milljónir kr. í heildarveltu og einn af stóru vinnustöðum bæjarsins.
4. 80 milljónir af heildartekjum deildarinnar eru sóttar utan Grindavíkur.
5. Áætlaðar útsvarstekjur Grindavíkurbæjar af starfsemi deildarinnar eru á milli 5 til 7 milljónir á ári.
6. Núverandi starfsaðstaða er löngu sprunginn og ef ekki verður brugðist við verður hnignun í starfi deildarinnar.
7. Knattspyrnudeild UMFG yrði sjálfbær í nýrri aðstöðu við stúku og Hópið, myndi auka öll gæði og tvöfalda tekjur.

Í meðfylgjandi viðhengi eru frumdrög að uppbyggingu mannvirkis sem uppfyllir kröfur UEFA við fjölnotahúsið (Hópið) og stúku sem þáverandi bæjarstjórn í samvinnu við stjórn Knattspyrnudeildar UMFG lét gera og vill núverandi stjórn deildarinnar að verði að veruleika þar sem hjarta deildarinnar slær.

Grindavík 18. Des 2011

Stjórn Knattspyrnudeildar UMFG

#### **Aðalstjórn UMFG:**

##### **1. Íþróttamannvirki**

Umræða um síðasta fund um íþróttamannvirkja. Fundarmönnum fannst umræða neikvæð og fáar tillögur bárust um breytingar. Judo salurinn var til umræðu og um breytingar á salnum eins og teikningar eru í dag. Gunnar talar um að frekar vilji þeir fá minni sal og fjaðrandi en stærri og harðan golfflöt. Gunnlaugur fór og ræddi við Helga í Taekwondo, Helgi vildi meina að hann vildi frekar nota sal með parketi en Judo salinn. Stjórnin telur að Judo og Taekwondo þurfi að lágmarki 180 fm sal fyrir utan anddyrið til umráða. Jafnframt er möguleiki á að Taekwondo æfi í veislusalnum og að honum sé skipt í tvennt.

## 2. Vellir/tjöld

Leggjum til að tjöldin séu sett þannig að fyrst komi 4 bil nyrst sem nýtist líka sem samkomusalur og 3 bil og svo 2 bil sem er fimleikasvæði.

Stjórnin vill lýsa almennri ánægju með teikningarnar og þær hugmyndir sem eru í gangi en bendum á að í klefum meistaraflokka þurfi að vera læstir skápar fyrir ofan snaga

### ***Skipulags- og umhverfisnefnd:***

Nefndin tekur jákvætt í hugmyndir nefndar um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja en leggur áherslu á passað verði upp á öryggismál og að lögum um mannvirki verði framfylgt frá upphafi hönnunar byggingarinnar.

### **Frístunda- og menningarnefnd:**

Frístunda- og menningarnefnd fagnar þeim hugmyndum sem fram eru komnar um uppbyggingu mannvirkja á íþróttasvæði Grindavíkur. Telur nefndin að vel hafi tekist til við að uppfylla þær forsendur sem bæjarstjórn setti fram og sérstaklega m.t.t. þess að að samrýma starfsemi allra deilda UMFG og stórauka möguleika til almenningsíþróttar. Enga að síður telur nefndin að taka megi til endurskoðunar eftirfarandi atriði:

- Stækkun á sal fyrir júdó og taekwondó.
- Að kannað verði hvort hægt verði að útbúa gryfju fyrir fimleika án þess að það rýri möguleika annarra íþróttagreina til æfinga.
- Að skoðað verði betur hvar aðalinngangur á knattspyrnuvöllinn verði til framtíðar og aðgengi áhorfenda að félagsheimli UMFG verði sem best.
- Að gerðar verði frekari tillögur að framtíðarskipulagi svæðisins sem snýr sérstaklega að:
  - o Uppbyggingu við Hópið
  - o Nýrri 25m innisundlaug og góðu útisvæði með heitum pottum, gufubaði og rennibrautum
- Að þess verði gætt að merkingar á húsnæði sé til fyrirmyndar og á áberandi stað verði komið fyrir merki Grindavíkur og UMFG.

**Fylgiskjal nr. 3**  
**Vinnutímaforsendur**



# VINNUTÍMAFORSENDUR - I

## Vinnutími hjá íþróttamiðstöðinni í Grindavík haust 2013

### Forsendur að vöktum yfir vikuna

Nr.	Tegund vaktar	Vakt hefst klukkan	Vakt lýkur klukkan	Kyn	Fjöldi stm.	Dagar á viku	Mín/dag. á stm.	Klst/dag á stm.	Alls klst. á viku
<b>Virkir dagar:</b>									
1	<b>Ms</b> Sundlaugarvarsla, þrif ofl.	5,45	15,00	Karl (karl/kona)	1	5	555	9,25	<b>46,25</b>
2	<b>Mg</b> Baðvarsla karla og íþr.hús (sundlaugarvarsla) þrif ofl.	7,45	15,00	Karl	1	5	435	7,25	<b>36,25</b>
3	<b>Ma</b> Afgreiðsla, (baðvarsla), þrif ofl.	6,00	15,00	Kona (Karl/kona)	1	5	540	9,00	<b>45,00</b>
4	<b>Mg</b> Baðvarsla kvenna og íþr.hús (afgreiðsla), þrif ofl.	7,45	15,00	Kona	1	5	435	7,25	<b>36,25</b>
5	<b>Fm</b> Forstöðumaður (afleysingar þrif ofl.)	8,00	16,00	Kona/karl	1	5	480	8,00	<b>40,00</b>
<b>Kvöld</b>									
6	<b>Ks</b> Sundlaugarvarsla, þrif ofl.	15,00	23,00	Karl (karl/kona)	1	5	480	8,00	<b>40,00</b>
7	<b>Kg</b> Baðvarsla karla og íþr.hús (sundlaugarvarsla) þrif ofl.	15,00	21,00	Karl	1	5	360	6,00	<b>30,00</b>
8	<b>Ka</b> Afgreiðsla, (baðvarsla), þrif ofl.	15,00	22,00	Kona (Karl/kona)	1	5	420	7,00	<b>35,00</b>
9	<b>Kg</b> Baðvarsla kvenna og íþr.hús (afgreiðsla), þrif ofl.	15,00	23,00	Kona	1	5	480	8,00	<b>40,00</b>
<b>Laugardagar og sunnudagar</b>									
<b>Dagur og kvöld</b>									
10	<b>Hs</b> Sundlaugarvarsla, þrif ofl.	8,45	19,00	Karl (karl/kona)	1	2	615	10,25	<b>20,50</b>
11	<b>Hg</b> Baðvarsla karla og íþr.hús (sundlaugarvarsla) þrif ofl.	9,00	19,15	Karl	1	2	615	10,25	<b>20,50</b>
12	<b>Ha</b> Afgreiðsla, (baðvarsla), þrif ofl.	8,45	19,00	Kona (Karl/kona)	1	2	615	10,25	<b>20,50</b>
13	<b>Hg</b> Baðvarsla kvenna og íþr.hús (afgreiðsla), þrif ofl.	9,00	16,00	Kona	1	2	420	7,00	<b>14,00</b>
<b>Opnunartími íþróttamiðstöðvar:</b>									<b>Tímar alls á viku:</b> <b>424,25</b>
<b>Íþróttahús:</b>									
<b>Sundlaug:</b>									Startísm.þórf 10.61
06:00 - 22:00 virka daga									
08:00 - 22:00 virka daga 09:00 - 16:00 laugardaga									
06:00 - 21:00 virka daga 09:00 - 18:00 laugardaga 10:00 - 18:00 sunnudaga 10:00 - 19:00 sunnudaga									

**Ath.**  
**Neyslutímar**

Við þessa tíma bætast neyslutímar, 25 mínútur við hverja vakt samkvæmt samningi.